


SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI UPPSVEITA BS.
Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur
Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur/Ásahreppur

Efni: Skilmálar fyrir frístundabyggðina Flatir úr landi Réttarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í gildi er deiliskipulag fyrir frístundabyggðina Flatir úr landi Réttarholts sem samþykkt var í sveitarstjórn þáverandi Gnúpverjahrepps þann 8. október 1996. Eftirfarandi er uppdráttur deiliskipulagsins í minnkuðum mælikvarða en ekki eru til neindir ákveðin skilmálar fyrir svæðið þar sem á þessum tíma var miðað við ákvæði þágildandi byggingarreglugerðar varðandi stærðir og gerð húsa. Á uppdraetti er gert ráð fyrir ákveðinni megin mænisstefnu sumarhúsa en ekkert er fjallað um aðra skilmála.



Þar sem svæðið er enn í uppbyggingu hefur verið ákveðið að auglýsa breytingu á deiliskipulagi svæðisins sem felur í sér að settir eru skilmálar til samræmis við aðrar sambærilegar frístundahúsabyggðir í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi er tillaga að skilmálum sem gilda munu fyrir allar lóðir innan hverfisins.

- Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús.
- Byggingarmagn á hverri lóð miðast við nýtingarhlutfallið 0.03.
- Hámarksstærð aukahúss er 40 fm.
- Þakhalli og mænisstefna er frjálst.
- Hámarks mænishæð er 6 m frá jörðu nema á húsum með minni þakhalla en 15 gráður. Á slíkum húsum er hámarkshæð 4 m.
- Hámarks veggshæð er 4 m.
- Efnis- og litaval húsa er frjálst.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI UPPSVEITA BS.
Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur
Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur/Ásahreppur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur
verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
þann _____